

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/561
komudagur 30.11.2011

From: Ísleifur Gíslason [<mailto:isleifur@vortex.is>]
Sent: 30. nóvember 2011 15:44
To: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.
Subject: Stjórnarskrárfrumvarpið
Importance: High

Breytt grein verði í Mannréttindakafla nýrrar stjórnarskrár:

(nýtt númer greinar.) Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Viðkomandi ráðuneyti skal skylt að birta árlega, fyrir 1. Desember, raunhæf Neyslu/Tekjviðmið sem verði lágmark bóta til þeirra sem getið er hér að ofan. Óheimilt er að rýra ofangreindar bætur með skattlagningu eða á neinn annan hátt. (samanber lækkun barnabóta húsaleigubóta eða annarra þeirra uppbóta sem bótaþegi á með réttu).

Óheimilt er aðilum vinnumarkaðarins að semja um laun undir Neyslu/Tekjviðmiðum viðkomandi ráðuneytis og skuli þau einnig vera frí við skattlagningu sbr. hér að ofan.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

ÁFRAM ÍSLAND, NEI við ESB !!!

Kær kveðja, Ísleifur Gíslason

isleifur@vortex.is

www.nettelephone.com